

135. löggjafarþing 2007–2008.
Þskj. 740 — 465. mál.

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til þjóðlegra greina við Háskóla Íslands.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hvernig hafa þær 40 millj. kr. verið nýttar sem veittar voru á fjárlögum fyrir árið 2007 á liðnum 02-201-1.01 til að „styðja við þjóðlegar greinar“ við Háskóla Íslands?
2. Hvaða greinar hafa notið fjárins og hvernig hefur því verið varið í hverri grein um sig?
3. Telur ráðherra frekari þörf á að styðja umræddar greinar við Háskóla Íslands?